



Til:
Efni:
Upplýsingar:

gudbjorg@ust.is

Re: Fw: Beiðnir um umsagnir

Sent: 20.04.2018 11:59:56 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018040014, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018040014

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 11. apríl, sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna leyfa við kvikmyndatöku sem getur innifalið leyfi til aksturs utan vegar.

Almennt má segja um umsóknirnar að þær eru frekar ónákvæmar og myndir af akstursleiðum ekki skýrar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd út frá náttúrufari að heimila myndatöku við vitann í Dyrhólaey. Hvað varðar akstur niður í fjöruna við Dyrhólaey er margt óljóst, mynd af akstursleið er t.d. ekki góð. Á loftmynd virðist vera slóði niður í fjöruna en á mynd frá Pegasus virðist eiga að aka yfir gróður í fjörunni, sem ekki er hægt að samþykkja. Ef Umhverfisstofnun hefur strangt eftirlit með öllum akstri og marki nákvæmlega hvar megi aka, þ.e. eingöngu í sandi sem sjór flæðir yfir þá er að mati Náttúrufræðistofnunar óhætt að leyfa kvikmyndatökuna. Stofnunin leggur til að ferðum verði haldið í lágmarki og fyrirtækinu gert að skera ferðir niður eins og mögulegt er og setja fram skipulag um það.

Sama á við um Reynisfjöru. Þar þyrfti að tryggja að eingöngu væri akstur í sandi sem sjór flæðir yfir og allar leiðir skýrt afmarkaðar og ferðir takmarkaðar eins og kostur er.

Náttúrufræðistofnun bendir á að svona leyfi geta virkað hvetjandi á aðra sem heimsækja fjöruna til að aka utan vega. Tveir fyrrnefndir staðir er mjög fjölsóttir. Þannig að ef heimila á akstur með tæki verður að vera mjög gott eftirlit með kvikmyndatökunni og skipulag á öllum aðstæðum s.s. að það komi skýrt fram að svæðið sé lokað fyrir annarri umferð, aðeins sé verið að leyfa akstur um fjöruna af sértökum ástæðum.

Hvað myndatöku við Skógafoss varðar þá er ekki líklegt að heimild til kvikmyndatöku sem beið er um muni raska miklu. Hins vegar gildir það sama á þessu svæði að þar er mikið af ferðamönnum og ekki heppilegt að leyfa akstur húsbíls innan friðlýsta svæðisins og myndatöku með dróna. Í það minnsta þarf að tryggja að ekki séu gefin út mörg slík leyfi á ári og að myndataka fari fram undir eftirliti. leiðir afmarkaðar svo rask verði „ekkert“ og myndataka fari fram þegar lítið er af ferðamönnum. Á það skal bent að fólk kemur langar leiðir, kannski einu sinni á ævinni, til að skoða Ísland og náttúru þess.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 12.04.2018 10:01:10
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Beiðnir um umsagnir

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 12.04.2018 10:00 -----

From: Guðbjörg Gunnarsdóttir <gudbjorg@umhverfisstofnun.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Date: 11.04.2018 15:44
Subject: Beiðnir um umsagnir

Góðan dag.

Umhverfisstofnun er að vinna leyfisumsóknir vegna kvikmyndatöku og aksturs utan vega sem tengjast þeim. Við óskum eftir álitni Ní vegna þessara mála. Svæðin sem um ræðir eru Dyrhólaey, Skógafoss og Reynisfjara.

Með fyrirfram þökk.

Bestu kveðjur, Best regards

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið samþættingar, Department of Integration



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: [+354 591 2000](tel:+3545912000)

Bréfasími / Fax: [+354 591 2010](tel:+3545912010)

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)



image001.png Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum.pdf Dyrhólaey-frekari uppl.docx



Akstur utan vega.pdf Akstur utan vega.pdf Reynisfjara-frekari uppl.docx



Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum.pdf Skógafoss--frekari uppl..docx